

**Nd.**

**865. Frumvarp til laga**

**[276. mál]**

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35/1976, lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977, lög nr. 61/1977 og lög nr. 22/1981.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. maí.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 22/1981) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskup Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra né þeirra ríkisskattanefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 22/19781) orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, lögreglustjórans í Reykjavík, ríkisskattstjóra, biskups Íslands, póst- og símamálastjóra, yfirsakadómara í Reykjavík, yfirborgardómara í Reykjavík, yfirborgarfógeta í Reykjavík, tollstjórans í Reykjavík, tollgæslustjóra, borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, sýslumanna, bæjarfógeta, héraðsdómara, rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, flugmálastjóra, forstjóra, ríkisspítala, orkumálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, vegamálastjóra, sendiherra, skattrannsóknastjóra, verðlagsstjóra og þeirra ríkisskattanefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

4. gr.

2. mgr. 22. gr. orðist svo:

Í dómi kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skuli koma til framkvæmda, og gildir hann í eitt ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða I.**

Sýslumenn, bæjarfógetar og aðrir uppboðshaldarar skulu meðan þeir sitja í því embætti sem þeir eru nú skipaðir í eiga rétt á, ef þeir óska þess, að halda áfram sömu lögkjörum og þeir nú njóta, þó ekki lengur en til ársloka 1990.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

Núgildandi kjarasamningar, sem gerðir hafa verið samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu gilda til 28. febrúar 1985.